



Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 5
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. janúar 2021

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (afglæpavæðing neysluskammta).

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) og fagdeild geðhjúkrunarfræðinga innan Fíh tekur hér með heils hugar undir frumvarp heilbrigðisráðherra til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr.65/1974, um afglæpavæðingu neysluskammta. Um leið fylgir stjórn Fíh og fagdeild geðhjúkrunarfræðinga eftir yfirlýsingu sinni frá 7. júlí 2020 í kjölfar þess að frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 (varsla) var fellt á Alþingi.

Til viðbótar skal áréttað að hugmyndafræði skaðaminnkunar hefur sterka skírskotun til lýðheilsufræða og mannréttinda. Kjarni hugmyndafræðinnar er að draga úr þeim skaðlegu áhrifum sem vímuefnanotkun getur haft á notandann, aðstandendur og samfélagið. Segja má að grunnstoðir í hugmyndafræði skaðaminnkunar séu af sama meiði og kjarni hjúkrunar þar sem umhyggja fyrir skjólstæðingnum og virðing fyrir lífi hans, velferð og mannhelgi eru hornsteinar. Hlutverk hjúkrunarfræðings grundvallast í því að efla heilbrigði, bæta líðan og lina þjáningar einstaklinga sem hann sinnir. Hjúkrunarfræðingur hjúkrar af virðingu fyrir einstaklingum og fer ekki í manngreinaralit.

Stjórn Fíh vill áréttá mikilvægi þess að jaðarsettir einstaklingar sem nota vímuefni, jafnt sem aðrir, hafi aðgang að viðeigandi heilbrigðisþjónustu sem hefur það markmið að bæta lífsgæði þeirra. Stjórn Fíh telur að refsingar vegna vörsluskammta ætlaðra til eigin nota geti annað hvort viðhaldið eða aukið vanda og skaðsemi þess ástands sem einstaklingurinn býr við nú þegar.

Að ofangreindu telur stjórn Fíh og fagdeild geðhjúkrunarfræðinga mikilvægt að taka afstöðu með hagsmunum fólks sem notar vímuefni og að þeim sé ekki refsað fyrir minniháttar fíkniefnabrot heldur fái viðeigandi þjónustu innan heilbrigðiskerfisins.

Að lokum vill stjórn Fíh og fagdeild geðhjúkrunarfræðinga taka undir umsögn frá embætti landlæknis og ítreka mikilvægi þess að áformin verði innleidd sem hluti af opinberri stefnu málaflokksins, bæði hvað varðar áfengis- og vímuefnavarnir en líka heimilisleysi. Einnig býður Fíh og fagdeild geðhjúkrunarfræðinga fram sérþekkingu hjúkrunarfræðinga innan vébanda félagsins sem eru reiðubúnir til að vera heilbrigðisráðuneytinu til ráðgjafar um áformin.

Með vinsemd og virðingu,

Guðbjörg Pálsdóttir formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga